



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2006

**Efni: Frjáls för launafólks frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins, 771. mál.**

Óskað hefur verið umsagnar Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahags-  
svæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Gert er ráð fyrir að í öllum meginatriðum skuli gilda sömu reglur um atvinnuréttindi launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum ESB og um ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahags-  
svæðisins. Þeir geti komið hingað í atvinnuleit og ráðið sig til starfa án þess að hafa atvinnuleyfi. Frumvarpið hefur hins vegar að geyma aðlögunarákvæði sem skyldar atvinnurekendur sem ráðið hafa ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til starfa til að tilkynna það til Vinnu-  
málastofnunar fram til 1. maí 2009 að viðlögðum dagsektum. Tilkynningu skal fylgja ráðningarsamningur sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Sé grunur um brot á gildandi kjarasamningi getur stéttarfélag krafist þess að fá afrit af ráðningarsamningi útlendingansins. Þá fær Vinnu-  
málastofnun meðal annars ótímabundnar heimildir til tilkynningar til eftirlitsstjórnvalds eða lögreglu hafi stofnunin upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum.

Samtök atvinnulífsins fagna því að ekki skuli lengur krafist atvinnuleyfis vegna borgara nýju aðildarríkjanna. Það er í samræmi við þær áherslur sem samtökin hafa sett fram og til þess fallið að stuðla að beinum ráðningum fólks frá þessum ríkjum.

Tilkynningarskyldunni er ætlað að gilda á þriggja ára aðlögunartímabili. Af hálfu Samtaka atvinnulífsins hefur verið fallist á að þörf geti verið á slíkri varúðarráðstöfun í byrjun. Áhersla er þó lögð á að hér sé einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða. Ekki verður séð að til lengri tíma sé ástæða til að fylgjast betur með því hversu margir launamenn koma hingað til lands frá nýju aðildarríkjunum og á hvaða kjörum en gildir um aðra EES borgara.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is